

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Rangár Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Rangár Apóteks, dagana 28. maí til 30. júní 1979, vera sem hér segir.

Mánudaga—föstudaga kl. 10.00—12.00.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 25. maí 1979.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

23. maí 1979.

Nr. 252.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á kr. 120.67 hver kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á kr. 47.21 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 526.00 á ári af hverri einingu gólfplatá í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um kWst.-mæli á kr. 30.17 hver kWst.

C. Vélánotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á kr. 66.93 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 12 014.00 á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 27.40 hver kWst.
- 3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
 - a. Um kWst.-mæli á kr. 19.33 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 114.52 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 21.40 hver kWst. utan þess tíma.
- 3.4. Um mæli á kr. 24 717.69 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálág og auk þess kr. 13 05 á notaða kWst.